

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal 4. nóvember 2019 klukkan 17:00

Mættir: Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Árni Geir Eypórsson, Leifur Einar Arason, Sigurbjörn Þórmundsson og Einar Gíslason.

1. Losun taðs frá Víðidal

Guðrún Oddsdóttir og Rúnar Bragason komu inn á fund. Var kynnt hvernig losun taðs er háttað hjá félögunum á höfuðborgarsvæðinu.

2. Drög að samningi við Gjaldskil kynntur

Kynnt er sú hugmynd að gera samning við Gjaldskil um að þeir sjái um að fylgja kröfum eftir sem Fákur hefur stofnað til. Mjög tímafrekt getur verið að fylgja kröfum eftir á annasömustu mánuðunum á árinu. Með þessu samningi er horft til þess að spara framkvæmdastjóra tímafreka vinnu, sjá til þess að kröfur innheimtist á réttum tíma og auka um leið líkur á innheimtu. Stjórn samþykkir að semja við Gjaldskil um innheimtu.

3. Breytingar á bókhaldskerfi Fáks

Síðastliðinn mánudag hittust Hjörtur Bergstað formaður, Hlíf Sturludóttir gjaldkeri, Leifur Einar Arason stjórnarmaður, Einar Gíslason framkvæmdastjóri og Berglind Ragnarsdóttir bókarí félagsins og fengu kynningu á Business Central (NAV) bókhaldskerfinu. Kerfið myndi bæta alla yfirsýn og hægt er að fylgjast betur með stöðu fjármála félagsins mánaðarlega.

Þá tilkynnti Berglind Ragnarsdóttir að hún ætlar að hætta með bókhald félagsins um áramót. Þakkar stjórn Berglindi fyrir hennar störf.

Gjaldkeri gerir þá tillögu að Fákur taki Business Central (NAV) í sína þjónustu um áramót og að Fastland bókhaldsþjónusta taki við bókhaldi Fáks.

Stjórn samþykkir tillögu gjaldkera.

4. Gjaldskrá reiðhallarinnar 2020

Lögð er fram öðru sinni tillaga að gjaldskrá:

Tillaga framkvæmdastjóra að gjaldskrá 2020.

Einungis félagsmenn í Fáki geta keypt lykíl í höllina.

Árgjald fyrir félagsmenn 2020:

- **Lykíl 1 er opinn frá 8:00 til 22:00 alla daga.**
 - 50.000 kr/árið + lykíl
- **Lykíl 2 er opinn:**
 - Tímabilið 1. des til 31 maí 14:00 til 22:00 virka daga og 08:00 til 22:00 um helgar.
 - Tímabilið 1. júní til 30. nóvember 08:00 til 22:00 alla daga.
 - 15.000 kr/árið + lykíl

Unglingar og ungmenni 18-21 ára fá 50% afslátt af árgjaldi
18 ára og yngri greiða eingöngu lyklagjald: 3.000 kr/árið

Útleiga:

Tímagjald fyrir félagsmenn vegna reiðkennslu:

1/1 höllin – 12.000 kr (lágmark 4 tímar)

1/2 höllin – 5.500 kr

1/3 höllin – 3.900 kr

Stjórn samþykkir gjaldskrána.

5. Ósk um að setja upp hringgerði við Faxaból

Húseigandi við Faxaból hefur óskað eftir leyfi fyrir að setja upp hringgerði fyrir framan hesthús sitt. Framkvæmdastjóra er falið að ræða við húseiganda.

Fundi slitið 18:00.

Fundargerð ritaði Einar Gíslason.